Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 27. ágúst 2020 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Minna Hof samhliða breytingu á aðalskipulagi fyrir svæðið. Um er að ræða deiliskipulag sem gerir ráð fyrir uppbyggingu á alls 41 íbúðarhúsalóð. Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá Rangárvallavegi (nr. 264).

Ármót, Rangárþingi ytra, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 27. ágúst 2020 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir svæði úr landi Ármóta. Um er að ræða deiliskipulag sem gerir ráð fyrir uppbyggingu gisti- og ferðapjónustu á svæðinu. Aðkoma að skipulagssvæðinu er frá Landeyjavegi (252).

Marteinstunga tankur, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 12. apríl 2019 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir lóð úr landi Marteinstungu. Samþykkt aftur á fundi 27. ágúst 2020. Áformað er að byggja lítið dæluhús, hjá núverandi miðlunartanki hitaveitu til að auka þrýsting á hitaveitukerfi veitunnar. Gert er ráð fyrir að núverandi aðkoma frá Landvegi (26) verði nýtt með fyrirvara vegna aðkomu að vatnstanki og til einkanotkunar landeiganda og falli niður ef og þegar frekari áform um framkvæmdir liggja fyrir. Tillagan er hér endurauglýst vegna tímaákvæðis í skipulagslögum.

Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, www.ry.is.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 14. október 2020.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti birgir@ry.is.

Har. Birgir Haraldsson

skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra.

(2020018143)

Útgáfud.: 3. september 2020

Auglýsing um skipulag - Akranes

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akraness samþykkti 20. júlí s.l. að auglýsa eftirtaldir skipulagstillögur í samræmi við 31. og 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010:

Breyting á aðalskipulagi Akraness 2005-2017:

Breytingin felst m.a. í stækkun Skógarhverfis, þannig að íbúðarsvæði stækkar til norðurs. Íþróttasvæði við Skógarhverfi er breytt í útivistarsvæði. Tjaldsvæði við Garðalund verður útivistarsvæði. Garðalundur er minnkaður og miðast við gömlu skógræktarmörkin. Gert er ráð fyrir nýrri tengingu við Akrafjallsveg (þjóðveg) norðan Skógarhverfis. Svæði fyrir verslun og þjónustu (hótelreitur) er felld út og verður útivistarsvæði. Stígakerfi er lagað að breyttum mörkum Skógarhverfis.

Deiliskipulag Skógarhverfis, áfangi 3A.

Skipulagið markast af stofnanalóð (skólalóð) að Asparskógum 25 til vesturs, raðhúsalóðum við Álfalund, Fjólulund og Akralund til suðurs og óbyggðu svæði (framtiðarbyggð) til norðurs. Deiliskipulagstillagan gerir m.a. ráð fyrir þéttri byggð einbýlis- og raðhúsa á einni til tveim hæðum. Gert er ráð fyrir svæði með vatnsfarvegi sem er liður í ofanvatnslausnum og nýtist sem útivistarsvæði.

Deiliskipulag Garðalundar - Lækjarbotna.

Deiliskipulagssvæðið tekur yfir Garðalund, skógræktarsvæði Skógræktarfélags Akraness (Þverkelda og Lækjarbotnar) ásamt skógræktarsvæði í Klapparholti og liggur að mörkum Skógarhverfis. Í skipulaginu er m.a. gerð grein fyrir afmörkun skógræktar og opinna svæða, aðkomu ökutækja, bílastæðum, stígakerfi, tengslum við aðliggjandi svæði, leiksvæðum, matjurtargörðum, núverandi og fyrirhuguðum byggingum. Við gildistöku nýs deiliskipulags verður deiliskipulag Garðalundar frá 2010 felld út gildi.

Tillögurnar verða til kynningar í þjónustuveri kaupstaðarins að Stílholti 16-18, Akranesi, og á heimasíðu Akraneskaupstaðar www.akranes.is frá og með 4. september til og með 20. október 2020.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillögurnar til 20. október 2020. Skila skal skriflegum athugasemdum í þjónustuver Akraneskaupstaðar að Stílholti 16-18, eða á netfangið skipulag@akranes.is.

Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi Skógarhverfis áfangi 3A sem birtist í Skessuhorni 26. ágúst og Póstinum 27. ágúst 2020 fellur úr gildi.

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar.

(2020018396

Útgáfud.: 3. september 2020

Auglýsing um skipulag - Reykhólahreppur

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum 21. janúar 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 og tillögu að nýju deiliskipulagi í landi Garpsdals.

Í samræmi við 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps ásamt umhverfisskýrslu. Markmið fyrirhugaðrar breytingar er að skilgreina iðnaðarsvæði undir vatnsaflsvirkjun í Garpsdal en svæðið sem fellur undir nýja skilgreiningu er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir vatnsaflsvirkjun við Múlaá í Garpsdal.

Tillögurnar verða til sýnis, frá 3. september til 15. október nk., á skrifstofu Reykhólahrepps, stjórnsýsluhúsinu við Mariútröð Reykhólum, Reykhólahreppi og á heimasíðu sveitarfélagsins www.reykholar.is. Auk þess verða skipulagsgögnin aðgengileg hjá Skipulagsstofnun í Borgartúni 7b, Reykjavík.

Athugasemdum skal vinsamlegast skilað skriflega til skrifstofu Reykhólahrepps eða á netfangið skipulag@dalir.is fyrir 16. október 2020.

Dórður Már Sigfússon Skipulagsfulltrúi.

(2020018397

Útgáfud.: 7. september 2020

Auglýsing um skipulag - Vesturbyggð

Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagi Látrabjargs.

Auglýst er tillaga að breyttu deiliskipulagi Látrabjargs, breytt lega Örlygshafnarvegur um Hvallátur. Breytingin fjallar um breytta legu Örlygshafnarvegur á um 2 km kafla suður fyrir Hvallátur.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýstar tillögur að eftirfarandi breytingum á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018.

Breyting á aðalskipulagi á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna breyttrar legu Örlygshafnarvegur um Hvallátur.

Breytingin fjallar um breytta legu Örlygshafnarvegur á um 2 km kafla suður fyrir Hvallátur.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með mánudeginum 7. september til 19. október 2020 og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 19. október 2020.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar.

(2020018488

Útgáfud.: 7. september 2020

Auglýsing um skipulag - Mýrdalshreppur

Í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögu.

Ytri-Sólheimar 5 - Deiliskipulagstillaga.

Deiliskipulagið nær yfir 3.746 fermetra. Innan skipulagssvæðisins er gert ráð fyrir nýbyggingum íbúðarhúsnæði, bílskúr og gróðurhúsi, hesthúsi eða skemmu.

Tillagan þessar liggur frammi hjá fulltrúa skipulags- og byggingarmála í Mýrdalshreppi Austurvegi 17, Vík og á heimasíðu Mýrdalshrepps, www.vik.is, frá 7. september 2020 til og með 19. október 2020.

Athugasemdum, ef einhverjar eru, skal skila skriflega á skrifstofu Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík eða í tölvupósti á bygg@vik.is. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út mánudaginn 19. október 2020.

George Frumuselu

skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

(2020018502

Útgáfud.: 8. september 2020

Auglýsing um skipulag - Borgarfjarðarhreppur

Aðalskipulag Borgarfjarðarhrepps 2006 -2016. Aðalskipulagsbreyting fyrir svæði við Bakkaveg.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps 2006 -2016 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting á aðalskipulagi tekur til stækkunar íbúðarsvæðis ÍB1 við Bakkaveg, stækkun verslunar og þjónustusvæðis BV4 og stækkun þéttbýlissvæðisins um 41 meter til norðurs.

Fyrirhuguð breyting er þríþætt. Í fyrsta lagi er íbúðarsvæði ÍB1 stækkað austan og vestan Bakkavegar. Það hefur áður verið stækkað í breytingu sem gerð var á aðalskipulaginu árið 2017. Nú er lóðum fjölgað um 8 til viðbótar og verður heildarfjöldi lóða á ÍB1 þá 39. Markmiðið með breytingu þessari er að styrkja núverandi íbúðarsvæði í Bakkagerði og mynda heildstæðari íbúðarbyggð í þéttbýlinu.

Í öðru lagi verður verslunar- og þjónustusvæði BV4 fyrir gistihús stækkað til norðurs, úr 0,95 ha. í 1,18 ha. Verslunar- og þjónustusvæði BV4 var bætt við í breytingu á aðalskipulaginu árið 2008 vegna áforma um byggingu gistihúss í áföngum. Núverandi landbúnaðar-svæði minnkar við breytingar þessar um 0,8 ha.

Stækkun BV4 nær út fyrir mörk þéttbýlisins í Bakkagerði og verða þéttbýlismörkin því færð um 41 m til norðurs og er stækkun þéttbýlissvæðisins þriðji liður breytingarinnar.

Aðalskipulagstillagan ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu verður til sýnis á hreppsstofu Bakkagerði, Borgarfirði Eystri frá og með fimmtudeginum 10. september nk. til föstudagsins 16. október 2020. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b 105 Reykjavík og heimasíðu Borgarfjarðarhrepps á sama tíma.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til föstudagsins 23. október 2020. Skila skal athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarfjarðarhrepps Hafnargötu 28, 710 Seyðisfirði eða á netfangið sigurdur.jonsson@efla.is til og með 23. október 2020.

Hver sá, sem eigi gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest, telst samþykktur henni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Borgarfjarðarhrepps.

(2020018517)

Útgáfud.: 8. september 2020

Auglýsing um skipulag - Borgarfjarðarhreppur

Tillögur að deiliskipulagi við Bakkaveg á Borgarfirði eystra.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps auglýsir hér með tillögur að deiliskipulagi við Bakkaveg og Sæbakka, skv. 1.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir svæðið neðan við Bakkaveg út frá Sæbakka og nýtt deiliskipulag fyrir svæði ofan Bakkavegar innan og ofan við Skálaberg og utan við túnið við Sigtún. Markmið með skipulagsáætlunum er að auka framboð á lóðum undir einbýlishúabyggð í þéttbýlinu og styrkja og þétta byggðina á Bökkunum.

Tillögurnar verða til sýnis á hreppsstofu Bakkagerði, Borgarfirði Eystri, frá og með fimmtudeginum 10. september nk. til föstudagsins 16. október 2020. Tillögurnar eru einnig til sýnis á heimasíðu Borgarfjarðarhrepps, borgarfjordureystri.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til föstudagsins 23. október 2020. Skila skal athugasemdum til skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarfjarðarhrepps Hafnargötu 28, 710 Seyðisfirði eða á netfangið sigurdur.jonsson@efla.is. Hver sá, sem eigi gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest, telst samþykktur þeim.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Borgarfjarðarhrepps.

(2020018518)

Útgáfud.: 9. september 2020

Auglýsing um skipulag - Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Aðalskipulagsmál:

Samkvæmt 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt skipulags- og matslýsing eftirfarandi skipulagsáætlana.

1. Skálabrekka - Lýsing aðalskipulagsbreytingar - Landbúnaðarsvæði í frístundabyggð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. ágúst að kynninga lýsingu fyrirhugaðrar breytingu á aðalskipulags sveitarfélagsins. Í breytingunni felst skilgreining á 25 ha svæði fyrir frístundabyggð innan jarðarinnar Skálabrekku L170163. Samhliða er lögð fram skipulagslýsing vegna deiliskipulags.

2. Skálabrekka - Lýsing deiliskipulags - Frístundasvæði í landi Skálabrekku.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. ágúst að kynninga lýsingu deiliskipulags vegna fyrirhugaðrar frístundabyggðar í landi Skálabrekku L170163. Innan lýsingar er gert grein fyrir umfangi og helstu áherslum verkefnisins.

3. Heiðarbrún 2-10 í landi Bjarnastaða 1 - Lýsing aðalskipulagsbreytingar - Frístundabyggð í landbúnaðarsvæði.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst að kynninga fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins í landi Bjarnastaða 1 í kringum lóðir Heiðarbrúnar 2-10. Í breytingunni felst að landnotkun svæðisins er breytt úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði.

Deiliskipulagsmál:

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynnt tillaga eftirfarandi deiliskipulagsáætlunar:

4. Vatnsholt 1 L166395 - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. ágúst 2020 deiliskipulag fyrir Vatnsholt 1 L166395 og að það væri kynnt á grundvelli 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Í deiliskipulaginu felst sem felst skilgreiningu byggingarheimilda fyrir útihús, skemmu og gestahús. Markmið skipulagsins er að styrkja búsetu og atvinnu svæðisins.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum/breytingum:

5. Brúarhvammur lóð 1 L167225 og Brúarhvammur lóð 2 L174434 - Deiliskipulagsbreyting.
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum

þann 20. ágúst 2020 breytingu á deiliskipulagi að Brúarhvammi lóð 1 L167225 og Brúarhvammi lóð 2 L174434. Í breytingunni felst að felld er út byggingarheimild fyrir 30 fm geymsluskúr innan byggingarreits í samræmi við úrskurð Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 112/2019 auk þess sem gert er ráð fyrir breyttri skiptingu lóða innbyrðis auk þess sem byggingarheimild er skilgreind á nýjan hátt án þess að heildar fm fjöldi sé aukinn. Samkvæmt núverandi skipulagi er gert ráð fyrir 500 fm gistiheimili á lóð 2. Með breyttu skipulagi verður heimild fyrir 10 smáhýsum allt að 50 fm að stærð innan lóðar.

6. Kjaransstaðir 2 L200839 - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. ágúst 2020 deiliskipulag að Kjaranstöðum 2, L200839. Gert er ráð fyrir því að með samþykkt skipulagsins muni eldra skipulag falla úr gildi. Í nýju deiliskipulagi felst m.a. að notkun lóða breytist úr frístundalóðum í landbúnaðarlóðir, lóðum fækkar úr 7 í 6 og skilgreindir eru nýir byggingarskilmálar.

7. Þóroddsstaðir L168295, Langirimi - Deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst 2020 breytingu á deiliskipulagi að Þóroddsstöðum L168295. Í breytingunni felst stækkun svæðisins og samræming götuheita og númerakerfis innan þess.

8. Breiðanes L201727 - Deiliskipulag.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. ágúst 2020 deiliskipulag að Breiðanesi L201727. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhús, gestahús, vélaskemmu, gróðurhúsi og hesthúsi.

9. Tjarnarhólar - Deiliskipulag - Útivistar og göngusvæði.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst 2020 deiliskipulag að Tjarnhólum eftir kynningu. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir uppbyggingu svæðisins í þágu ferðamanna með gerð bílastæða, göngustíga, gerð upplýsingaskilta og byggingu tveggja þjónustuhúsa. Aðkoma að svæðinu er um núverandi gatnamót Vaðness og Snæfoksstaða frá Biskupstungnabraut. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma tillögunnar.

10. Efra-Apavatn 1A L226187, Efra-Apavatn 1 lóð L167652 og L16765 - Deiliskipulag - Skipting landsvæðis.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2. september 2020 tillögu að deiliskipulagi Efra-Apavatni, Rollutanga. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining lóða og byggingarheimilda innan svæðisins. Lýsing deiliskipulags var kynnt frá 10. júní - 1. júlí 2020.

11. Skálabrekkugata 1 L203318, deiliskipulagsbreyting.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2. september 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Skálabrekkugötu 1 L203318. Í breytingunni felst að skilgreindir eru breyttir byggingarskilmálar innan lóðarinnar vegna mikils landhalla innan byggingarreits. Mænis- og veggahæð mun miðast við hæsta punkt lóðar. Leyfilegt verði að byggja kjallara undir húsið allt að 200 m² og að grafa frá húsinu til að skapa aðkomu fyrir bæði sumarhús og kjallara.

Gert er ráð fyrir að umsótt breyting nái eingöngu til lóðar Skálabrekkugötu 1 vegna sérstakra aðstæðna innan hennar.

12. Laugarás L167381 - Deiliskipulagsbreyting - Lauftún garðyrkjustöð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 2. september 2020 breytingu á deiliskipulagi fyrir Lauftún Garðyrkjustöð að Laugarári L167381. Í breytingunni felst að skipulagi lóðar er breytt þar sem komið er fyrir þremur gróðurhúsum, pökkunaraðstöðu, véla- og áhaldageymslu/bílskúr og tveimur starfsmannahúsum. Fyrir á lóðinni eru tvö íbúðarhús. Skilmálar deiliskipulags svæðisins frá 29. desember 2011 halda sér óbreyttir að öðru leiti. Málið var tekið fyrir á 195. fundi skipulagsnefndar þar sem það var samþykkt til kynningar. Skipulagið var kynnt frá 8. júlí til 29. júlí. Engar athugasemdir bárust.

Niðurstaða sveitarstjórnar auglýst skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

13. Vaðstigur 1 L227910, 3 L227911 og 5 L227912; Land Kringlu II; Breyting úr frístundabyggð í landbúnaðarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2007051.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. ágúst 2020 tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í breytingunni felst að 5,5 ha svæði á jörðinni Kringlu 2 er breytt úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.gogg.is>, <https://www.floahreppur.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>.

Skipulagslýsingar og tillaga deiliskipulags eru í kynningu frá 9. september 2020 til og með 30. september 2020 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 30. september 2020.

Skipulagstillögur og breytingar eru auglýstar með athugasemdafrest frá 9. september 2020 til og með 22. október 2020. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 22. október 2020.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vígús Þór Hróbjartsson

Skipulagsfulltrúi UTU.

(2020018533

Útgáfud.: 10. september 2020

Auglýsing um skipulag - Fljótsdalshérað

Breyting á deiliskipulagi Egilsstaðaflugvallar.

Bæjarstjórn Fljótsháðs samþykkti á fundi sínum þ. 2. september 2020 að auglýsa að nýju tillögu að breytingu á deiliskipulagi flugvallar á Egilsstöðum, skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 ásamt greinargerð með tilkynningu til Skipulagsstofnunar vegna ákvörðunar um matskyldu sbr. 2. mgr. 6.gr. laga um mat a umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og umhverfisskýrslu.

Deiliskipulagið hefur áður fengið málsmeðferð skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, og munu allar þær athugasemdir sem áður hafa borist, verða teknar til athugunar og þeim svarað sem um nýjar athugasemdir sé að ræða.

Samkvæmt tillögunni eru helstu breyting á deiliskipulagi flugvallarins þessar:

- Að flugvöllur fullnægi reglugerð og kröfum um stjórnsýslumeðferð er varða flugvelli samkvæmt reglugerð Evrópuþings og ráðsins (EB) nr. 216/2008.
- Deiliskipulagssvæði er stækkað til að gera ráð fyrir framtíðaruppbyggingu flugvallar sbr. greinargerð með aðalskipulagi. Stækkun flughlaðs og bætt við akstursbraut (taxibraut) fyrir flugvélar.
- Byggingareitur (10) stækkaður og færður til fyrir framtíðaruppbyggingu.
- Gert er ráð fyrir framtíðarstaðsetningu nýrra bílastæða.
- Afmarkaðar eru sex nýjar lóðir, þrjár lóðir stækkaðar og lóðum gefin götuheiti í stað númera á byggingareit. Gerð er lóð utan um Flugstöðvarbyggingu. Gerðar eru fimm nýjar lóðir fyrir flugtengda starfsemi.
- Framtíðar aðkoma flugvallar færast. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar.

Tillagan er sett fram á uppdrætti með greinargerð sem sýnir skipulagið fyrir og eftir breytingu ásamt þremur skýringaruppdráttum dagsettum 13. mars 2020. Eftirtalin fylgiskjöl fylgja með deiliskipulagi þessu; Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matskyldu og umhverfisskýrsla dagsett, mars 2020 og Fornleifaskráning dagsett september 2018.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Fljótsháðs að Lyngási 12, Egilsstöðum og verður einnig að finna á vef sveitarfélagsins, www.fljotsdalsherad.is.

Nýjar athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til föstudagsins 23. október 2020. Skila skal athugasemdum til skipulags og byggingarfulltrúa Fljótsháðs, Lyngási 12, 700 Egilsstöðum eða á netfangið byggingarfulltrui@egilsstadir.is.

F. h. bæjarstjórnar Fljótsháðs,
Sigurður Jónsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2020018726)

Útgáfud.: 7. september 2020

Stefna - til greiðslu skuldar

**Menntasjóður námsmanna,
kt. 710169-0989,**

Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur: Egill Heiðar Anton Pálsson, kt. 261074-6059, Þýskaland.

Dómkröfur: Stefndandi gerir þær dómkröfur; aðstefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 2.723.602 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 2.723.602,00 frá 1. október 2017 til greiðsludags. Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon hrl., Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfraða máls þessa er til komin vegna námslána stefnda, en hann fékk greitt út námslán hjá stefnanda á árunum 1999-2000 og á árinu 2002. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna gaf stefndiaf því tilefni út skuldabréf nr. R-027440 þann 30. september 1999 þar sem hann undirritaði skilmála lánsins, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 1% samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 478/2011 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, það er lokun skuldabréfsins sem í því tilviki sem hér um ræðir var þann 15. júní 2002. Jafnframt veitti stefndi stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við lokun þess, í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæðin 1.172.398 krónum miðað við grunnvísitölu 221,8.

Páll Heiðar Jónsson tók á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun sinni á ofangreint skuldabréf þann 30. september 1999, fyrir fjárhæð allt að 2.000.000 krónur miðað við grunnvísitölu 221,8. Þá tók ábyrgðin til greiðslu vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar ef vanskil verða. Páll lést þann 12. nóvember 2011 og var búið tekið til opinberra skipta sem lauk þann 25. október 2012.

Um endurgreiðslu á láninu fer skv. lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Endurgreiðslan hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda. Árleg endurgreiðsla skuldabréfsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við neysluvísitölu og hins vegar er tekjutengd ársgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákveðið hlutfall af útsvarsstofni lánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Árið 1995 gaf stefndi út skuldabréf nr. R-014813 og nam fjárhæð skuldabréfsins 3.008.152 krónum miðað við

grunnvísitölu 221,8. Endurgreiðsla lánsins hófst þann 30. júní 2004 þ.e. tveimur árum eftir lokun skuldabréfsins sem var þann 15. júní 2002. Greitt var af láninu á árunum 2004-2017 en endurgreiðslur nýrra lánsins nr. R-027440, sem um ræðir, frestuðust fram að þeim tíma þar sem lántakanda bar fyrst að greiða af eldra láninu sbr. 18. gr. laga nr. 21/1992 um innheimturöð námslána.

Vanskil urðu á láni nr. R-014813 þann 1. september 2017 og féllu þá bæði lánin nr. R-014813 og R-027440 í gjalddaga frá og með þeim degi samkvæmt ákvæðum í skuldabréfunum sjálfum. Þann dag námu eftirstöðvar lánin nr. R-027440, 2.723.602 krónum m.v. vísitölu í september 2017, 442,9 og er það stefnuþjárhæð máls þessa. Kröfu stefnanda samkvæmt skuldabréfi nr. R-014813 er stefnt í öðru máli.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingarblaði með vísan til b. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Send var stefna þann 12. desember 2019 til birtingar í Þýskalandi á hendur stefnda sem áætlað var að þingfesta þann 25. júní 2020 síðastliðinn. Þýska miðstjórnarvaldið neitaði hins vegar að birta gögnin á stefnda á þeim grundvelli að stefnandi er ríkisstofnun og telur miðstjórnarvaldið að málið fali ekki undir Haag samninginn um einkamál.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hlaust af þýðingu stefnunnar vegna tilraunar til birtingar hennar á hendur stefnda í Þýskalandi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 laga um meðferð einkamála. Stefnandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sem og til viðeigandi reglugerða og úthlutunarreglna settra á grundvelli laganna. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna
2. Skrá
3. Frumrit skuldabréfs nr. R-027440
4. Yfirlit yfir útborganir lánsins
5. Upplýsingar um námslok
6. Yfirlit yfir greiðslustöðu láns
7. Yfirlit yfir sundurliðun gjalddaga vegna láns nr. R-027440
8. Yfirlit yfir sundurliðun gjalddaga vegna láns nr. R-014813
9. Afrit skuldabréfs nr. R-014813
10. Yfirlit yfir ábyrgðir

11. Innheimtuviðvörðun
12. Innheimtubréf
13. Tilkynning um gjaldfellingu lánsins
14. Reikningur vegna þýðingar stefnu
15. Yfirlit um framvindu skipta

16. Gögn frá sýslumanninum á Suðurnesjum um árangurslausu stefnubirtingu

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefnda tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með stefnda, til þess að mæta, er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 15. október 2020 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 18. ágúst 2020,
f.h. Sigurbjörns Magnússonar hrl.,
Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2020018499

Útgáfud.: 7. september 2020

Stefna - til greiðslu skuldar

**Menntasjóður námsmanna
kt. 710169-0989**

Borgartúni 21, Reykjavík,

gerir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur eftirtöldum aðilum: Egill Heiðar Anton Pálsson, kt. 261074-6059, Þýskaland og María Teresa Goncalves, kt. 220836-3719, Lyngbakki 4, 740 Neskaupstað.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmd til að greiða stefnanda óskipt 3.549.226 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 3.549.226 frá 1. október 2017 til greiðsludags. Allt að fráðreginni innborgun: þann 11. október 2019 kr. 50.000 þann 3. júlí 2020 kr. 24.270 eða alls að upphæð kr. 74.270 sem dragast skulu frá skuldinni miðað við stöðu hennar á hverjum innborgunardegi.

Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, að mati réttarins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Magnússon hrl., Borgartúni 26, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvarsmaður stefnanda er Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri stefnanda, með starfstöð að Borgartúni 21, Reykjavík.

Málavextir og málsástæður: Fjárfraða máls þessa er til komin vegna námsláns stefnda Egils, en hann fékk greitt út námslán hjá stefnanda á árunum 1996-1999. Í samræmi við lög nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna gaf stefndi Egill af því tilefni út skuldabréf nr. R-014813 þann 14. desember 1995 þar sem hann undirritaði skilmála lánsins, sem einnig eru í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Lánið er verðtryggt miðað við vísitölu neysluverðs en verðtrygging lánsins reiknast frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að lánið er tekið eða einstakir hlutar þess greiddir út til fyrsta dags þess mánaðar eftir að greiðsla fer fram. Lánið ber breytilega vexti sem eru 1% samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 478/2011 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og reiknast frá námslokum, sem samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins eru ákvörðuð að hálfu stefnanda. Endurgreiðsla lánsins hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda, það er lokun skuldabréfsins sem í því tilviki sem hér um ræðir var þann 15. júní 2002. Jafnframt veitti stefndi Egill stefnanda heimild til þess að fylla út samanlagða fjárhæð lánsins og grunnvísitölu inn á skuldabréfið við lokun þess, í samræmi við ákvæði laga nr. 21/1992. Við útfyllingu skuldabréfsins nam heildarfjárhæðin 3.008.152 krónum miðað við grunnvísitölu 221,8.

Stefnda María tók á sig sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins með undirritun sinni á ofangreint skuldabréf þann 14. desember 1995, fyrir fjárhæð allt að 2.200.000 krónum miðað við grunnvísitölu 221,8. Stefnda María tók á einnig á sig viðbótarsjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins, með undirritun á sérstaka yfirlýsingu þess efnis, þann 15. janúar 1999, fyrir fjárhæð allt að 300.000 krónum miðað við grunnvísitölu 183,7. Þá tókuábyrgðinar til greiðslu vaxta, verðbóta, dráttarvaxta og alls kostnaðar ef vanskil verða.

Um endurgreiðslu á láninu fer skv. lögum nr. 21/1992, ásamt síðari breytingum. Endurgreiðslan hefst tveimur árum eftir námslok lántakanda. Árleg endurgreiðsla skuldabréfsins ákvarðast í tvennu lagi, þ.e. annars vegar er föst ársgreiðsla með gjalddaga 1. mars ár hvert, sem tekur breytingum í hlutfalli við neysluvísitölu og hins vegar er tekjutengd ársgreiðsla með gjalddaga 1. september ár hvert, sem er ákvæðið hlutfall af útsvarsstofni lánþega árið á undan, að frádreginni föstu greiðslunni.

Fyrsti gjalddagi lánsins var 30. júní 2004 en afborganir lánsins hafa verið í vanskilum frá 1. september 2017 en samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins er öll skuldin í gjalddaga fallinn frá og með þeim degi. Þann dag námu eftirstöðvar lánsins 3.549.226 krónum m.v. vísitölu gjalddagans þ.e. 442,9 í september, 2017 sem er stefnuþjárhæð máls þessa. Inn á skuldina hafa verið greiddar innborganir að fjárhæð 74.270 krónum og hefur þegar verið tekið tillit til innborgana við gerð dómkrafna. Þar sem innheimtutilraunir hafa ekki borið frekari árangur er stefna þessi nauðsynleg.

Dómkrafan á hendur aðalskuldara lánsins, stefnda Egils, með dráttarvöxtum á þingfestingardegi nemur 4.833.236 krónum. Stefnda María tók á sig sjálfskuldarábyrgð á láninu eins og að framan er rakið. Nemur höfuðstóll ábyrgðar stefndu Maríu

samtals 4.782.867 krónum uppreiknað miðað við vísitölu neysluverðs í ágúst 2020, 482,2. Stefnda María tók einnig á sig viðbótarsjálfskuldarábyrgð á láninu eins og að framan er rakið. Nemur höfuðstóll viðbótarábyrgðar stefndu Maríu samtals 787.480 krónum uppreiknað miðað við vísitölu neysluverðs í ágúst 2020, 482,2. Samtals nemur ábyrgð stefndu Maríu krónur 5.570.347 og er henni því stefnt til greiðslu skuldarinnar í heild óskipt með stefnda Agli.

Stefnda þessi er birt í Lögbirtingarblaði með vísan til b. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Send var stefna þann 12. desember 2019 til birtingar í Þýskalandi á hendur stefnda sem áætlað var að þingfesta þann 25. júní 2020 síðastliðinn. Þýska miðstjórnarvaldið neitaði hins vegar að birta gögnin á stefnda á þeim grundvelli að stefnandi er ríkisstofnun og telur miðstjórnarvaldið að málið falli ekki undir Haag samninginn um einkamál.

Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem hlaust af þýðingu stefnunnar vegna tilraunar til birtingar hennar á hendur stefnda í Þýskalandi. Gögn vegna þess kostnaðar verða lögð fram við þingfestingu málsins.

Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili og gerir því kröfu um að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu til greiðslu virðisaukaskatts af þóknun lögmanns.

Lagarök: Mál þetta er höfðað og rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 laga um meðferð einkamála. Stefndandi vísar til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum, sem og til viðeigandi reglugerða og úthlutunarreglna settra á grundvelli laganna. Þá er enn fremur vísað til almennra reglna kröfu- og samningaréttarins um greiðslu fjárskuldbindinga. Um dráttarvaxtakröfu er vísað til III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Varðandi varnarþing er vísað til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 en málið er rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt sérstöku ákvæði í skuldabréfinu sjálfu. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga 91/1991. Um kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi meðal annars leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefna
2. Skrá
3. Frumrit skuldabréfs nr. R-014813
4. Sjálfhábyrgðaryfirlýsing dags. 15. janúar 1999
5. Yfirlit yfir útborganir lánsins
6. Upplýsingar um námslok
7. Yfirlit yfir sundurliðun gjalddaga
8. Yfirlit yfir greiðslustöðu láns
9. Yfirlit yfir ábyrgðir
10. Innheimtuviðvörðun
11. Innheimtubríf
12. Tilkynning um gjaldfellingu lánsins
13. Stöðuyfirlit miðað við þingfestingardag
14. Reikningur vegna þýðingar stefnu
15. Gögn frá sýslumanninum á Suðurnesjum um árangurslausa stefnubirtingu

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að koma að frekari gögnum, rökum og málsástæðum undir rekstri málsins, gefist tilefni til. Stefnandi áskilur sér jafnframt rétt til að taka aðila- og vitnaskýrslur við aðalmeðferð málsins, komi til hennar og gefi varnir stefndu tilefni til.

Áskorun og fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með stefndu, til þess að mæta, er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, fimmtudaginn 15. október 2020 kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður vegna stefnda Egils.

Stefnufrestur er ein vika vegna stefndu Maríu.

Reykjavík, 18. ágúst 2020

f.h. Sigurbjörns Magnússonar hrl.,

Dagbjört Hauksdóttir lögfræðingur.

(2020018501

Útgáfud.: 8. september 2020

Stefna - til ógildingar á tryggingarbréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur,

Símon Sigvaldason,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Einar Brynjarsson, lögmaður, BBA Fjeldco ehf., Katrínartúni 2, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Júpíters rekstrarfélags hf., kt. 520506-1010, Katrínartúni 2, Reykjavík að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á tryggingarbréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að tryggingarbréf nr. 14277, útgefið 9. desember 2019 í Reykjavík af AGROS: Krókháls 7 og Hestháls 15 ehf., kt. 521115-1650, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum AGROS ehf., kt. 691216-1600, eða síðar tilgreinds aðila, við handhafa skuldabréfs, dags. 9. nóvember 2018, til tryggingar greiðslu að hámarki að höfuðstólsfjárhæð kr. 39.000.000,-, tryggt með 3. veðrétti í fasteignunum að Krókhálsi 7, fastanr. F2328473 og Hesthálsi 15, fastanr. F2223293, með þinglýsingarnúmerið 441-B-014277/2019, verði ógilt með dómi.

Fyrirsvor: Með fyrirsvor fyrir stefnanda fer Guðlaug Kristbjörg Kristinsdóttir, kt. 190778-5099 Sólvallagötu 25, Reykjavík, stjórnarformaður.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi er rekstrarfélag Fagfjárfestasjóðsins Iceland Fixed Income Fund, kt. 430708-9880 („sjóðurinn“). Stefnandi er rekstrarfélag verðbréfasjóðs í skilningi 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði nr. 128/2011 og fer með fyrirsvor og málshöfðunarrétt fyrir sjóðinn á grundvelli 2. mgr. 16. gr. sömu laga. Stefnandi telur sig því réttan aðila þessa máls.

Tryggingarbréfið, sem stefnandi krefst ógildingar á, er tryggt með 3. veðrétti í fasteignunum að Krókhálsi 7, fastanr. F2328473 og Hesthálsi 15, fastanr. F2223293, með þinglýsingarnúmerið 441-B-014277/2019. Stefnandi byggir á því að tryggingarbréfið, sem þinglýst er á fasteignum að Krókhálsi 7 og Hesthálsi 15, sé glatað, en sjóðurinn hafi verið síðasti handhafi tryggingarbréfsins og sé kröfuhafi skuldar sem tryggt er með tryggingarbréfinu.

AGROS: Akrotiri ehf. gaf upphaflega út skuldabréf til handa handhafa, sjóðsins, dags. 9. nóvember 2018 („skuldabréfið“), en AGROS ehf. yfirtók allar skyldur upphaflegs skuldara samkvæmt skuldabréfinu með viðauka við skuldabréfið, dags. 14. desember 2018. Útgefandi tryggingarbréfsins er eigandi fasteignanna að Krókhálsi 7 og Hesthálsi 15 sem standa til tryggingar á skuldum AGROS ehf., og er jafnframt dótturfélag AGROS ehf.

Með viðauka við skuldabréfið, dags. 8. júní 2020, féllst sjóðurinn, sem kröfuhafi, á niðurfellingu á veðum sem tryggt eru í fasteignum við Krókháls 7 og Hestháls 15 í Reykjavík, sbr. F2328473 og F2223293. Í því skyni skyldi sjóðurinn aflýsa tryggingarbréfinu úr þinglýsingarbók framangreindra fasteigna.

Sýslumaðurinn hafnaði beiðni um aflýsingu á tryggingarbréfinu þann 6. júlí 2020 þar sem um handhafabréf væri um að ræða, tryggingarbréfið væri týnt og því ekki möguleiki á að sýna fram á framsal til sjóðsins, og þar með stefnanda, sem óskaði eftir aflýsingu. Er því farin sú leið að fá ógildingu með dómi. Þar sem sjóðurinn sé veðhafi samkvæmt tryggingarbréfinu og beri samningsskyldu til að aflýsa því telur stefnandi sig réttan aðila að málinu og hafi lögvarða hagsmuni af lyktum þess.

Lagarök: Stefnandi kveðst vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála varðandi varnarþing í þessu máli og heimild til útgáfu ógildingarstefnunnar svo og c-liðar 1. mgr. 89. gr. sömu laga um birtingu.

Sönnunargögn: Stefnandi mun leggja fram eftirtalin sönnunargögn við þingfestingu málsins:

Nr. 1. Frumrit stefnu þessarar útgefni af héraðsdómi Reykjavíkur.

Nr. 2. Útrentun úr Lögbirtingablaði því sem stefna þessi er birt í.

Nr. 3. Afrit tryggingarbréfs nr. 441-B-014277/2019 úr þinglýsingarbók, útgefið þann 9. desember 2019.

Nr. 4. Afrit veðbókavottorðs fasteignanna að Krókhálsi 7 og Hesthálsi 15.

Nr. 5. Skuldabréfið, dags. 9. nóvember 2018.

Nr. 6. Viðauki við skuldabréfið, dags. 8. júní 2020.

Nr. 7. Aflýsingarvottorð.

Fyrirkall: Fyrir því er hér með skorað á hvern þann sem kann að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar á grundvelli þess, að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður fimmtudaginn 8. október 2020, kl. 10.00, í dómsal 102 í Dómhúsinu að Lækjargötu, Reykjavík, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til tryggingarbréfsins. Að öðrum kosti má búast við því að útvistardómur gangi í málinu og krafa stefnanda um ógildingu tryggingarbréfsins verði tekin

til greina.
Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 3. september 2020.
F. h. dómstjóra, Símonar Sigvaldasonar,
Harpa S. Björnsdóttir aðstoðarmaður dómara.

(2020018514

Útgáfud.: 7. september 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 20. ágúst 2020 í máli L-4517/2020, var Ólöf Hjörleifsdóttir, kt. 160127-3929, svipt fjárræði til þriðjudagsins 20. ágúst 2030.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 1. september 2020.
Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari.

(2020018479

Útgáfud.: 11. september 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 9. september 2020 í máli nr. L-2169/2020, var Sólveig Friðþjófsdóttir, kt. 210643-4949, svipt fjárræði í fimm ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði 10. september 2020.
Ingimundur Einarsson.

(2020018757

Útgáfud.: 14. september 2020

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands, uppkveðnum 11. september 2020 í máli nr. L-480/2020, var Sunna Líf Tómasdóttir, kt. 260898-2569, svipt fjárræði í 2 ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Selfossi, 11. september 2020.
Sigurður G. Gíslason héraðsdómari.

(2020018868

Útgáfud.: 10. september 2020

Heimild veitt til fjárhagslegrar endurskipulagningar

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands 9. september 2020 var Hótel Hellu ehf., kt. 680513-0580, Þrúðvangi 6, Hellu, veitt heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar samkvæmt lögum nr. 57/2020. Með framangreindum úrskurði er heimildin veitt til miðvikudagsins 2. desember

2020, klukkan 10.40, en þá verður málefnið tekið fyrir á ný í dómssal dómsins að Austurvegi 4, Selfossi. Aðstoðarmaður skuldara við fjárhagslega endurskipulagningu er Ragnar Þórður Jónasson lögmaður.

Sólveig Ingadóttir.

löglærður aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Suðurlands.

(2020018735

Útgáfud.: 10. september 2020

Heimild veitt til fjárhagslegrar endurskipulagningar

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands 9. september 2020 var Árhús ehf., kt. 691100-2350, Rangárbökkum, 850 Hellu, veitt heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar samkvæmt lögum nr. 57/2020. Með framangreindum úrskurði er heimildin veitt til miðvikudagsins 2. desember 2020, klukkan 10.50, en þá verður málefnið tekið fyrir á ný í dómssal dómsins að Austurvegi 4, Selfossi. Aðstoðarmaður skuldara við fjárhagslega endurskipulagningu er Ragnar Þórður Jónasson lögmaður.

Sólveig Ingadóttir.

löglærður aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Suðurlands.

(2020018736

Útgáfud.: 10. september 2020

Heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar

Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands 9. september 2020 var Hótel Skógum ehf., kt. 691211-1500, Ytri-Skógum, 861 Hvolsvelli, veitt heimild til fjárhagslegrar endurskipulagningar samkvæmt lögum nr. 57/2020. Með framangreindum úrskurði er heimildin veitt til miðvikudagsins 2. desember 2020, klukkan 10:30, en þá verður málefnið tekið fyrir á ný í dómssal dómsins að Austurvegi 4, Selfossi. Aðstoðarmaður skuldara við fjárhagslega endurskipulagningu er Ragnar Þórður Jónasson lögmaður.

Sólveig Ingadóttir.

löglærður aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Suðurlands.

(2020018737

Lögbirtingablað,
48. tölublað 2020.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.